

# TILLÖGUR OG GREINARGERÐ

Til samþykktar á ársfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 17. maí 2023

## Inngangur

Lagðar eru til breytingar á fjórum greinum samþykta sjóðsins á ársfundi 2023 en þær eru nauðsynlegar til að samræma ákvæðin við áskilnað laga nr. 129/1997 en lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs sem kveðið er á um í þeim lögum og var hækkað frá og með 1. janúar 2023 úr 12% í 15,5%. Tillögurnar eru eftirfarandi

## Grein 9.d.

Lagt er til að grein 9.d. samþykktum verði svohljóðandi (nýr texti sem kemur inn er rauður en texti sem fellur út er yfirstrikaður):

Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins ~~8%~~ **11,5%** af þeim föstu launum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót er sjóðsfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðsfélaga.

## Grein 9.f.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

Þegar sjóðsfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 32 ár eða ætlar að nýta 95 ára regluna sbr. 12. gr. og iðgjaldagreiðslur sjóðsfélaga falla niður skv. 3. málsg. 9. gr. og 3. málsg. 12. gr. er þá launagreiðandi hans skylt að greiða ~~12%~~ **15,5%** af launum þeim sem tilgreind eru í 2. málsg. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

## Grein 13.c.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktálaginu í iðgjöld og launagreiðandi ~~8%~~ **11,5%**

## 4. mgr. 25. greinar

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

Iðgjöld starfsmanna skulu vera 4% af föstum mánaðarlaunum en vinnuveitandi greiði ~~8%~~ **11,5%**. Um lífeyrisréttindi er iðgjaldagreiðslur þessar veita fer skv. ákvæðum greina 26-30. í samþykktum þessum.

## Greinargerð:

Framangreindar breytingar eru nauðsynleg vegna áskilnaðar 2.mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997 sem nú kveður á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera a.m.k. 15,5% en áður var áskilnaður um 12% lágmarksiðgjald. Þar sem framlag launþega er 4% verður lágmarksiðgjald launagreiðanda að vera 11,5% til að áskilnaður laganna sé uppfylltur.